

Hyundai Bluelink Europe

Notkunarskilmálar – Bluelink

Útgáfa: 09.03.2022

1. Inngangur

- 1.1. Hæ, viltu nota Hyundai Bluelink Europe þjónustu okkar („**Bluelink**“ eða „**þjónusta**“)? Ef svo er skaltu lesa eftirfarandi skilmála Hyundai Bluelink Europe („**skilmálar**“)! Þessir skilmálar eiga við þegar þú notar þjónustuna í Bluelink-forritinu og í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins. Nýjustu útgáfu þessara skilmála má nálgast hvenær sem er í valmynd Bluelink-forritsins og í valmynd upplýsinga- og afþreyingarkerfis (það er stjórneining bílsins) þjónustunnar.
- 1.2. Við erum Hyundai BL ehf. Skráð heimilisfang okkar er Kauptún 1, 210 Garðabær. Við erum samningsaðili þinn hvað varðar veitingu þjónustunnar.
- 1.3. Ertu með spurningar? Hringdu þá í okkur í síma 5751200!

2. Notkun þjónustunnar

- 2.1. Almenn skilyrði
 - 2.1.1. Aðeins er hægt að nota þjónustuna með Hyundai-bílum sem eru búnir sérstökum vélbúnaði fyrir Bluelink, einkum mótaldi með foruppsettu SIM-korti og sérstöku loftneti.
 - 2.1.2. Aðgreina verður samning okkar um veitingu þjónustunnar á grundvelli þessara skilmála frá samningi þínum um kaup (eða kaupleigu) á Hyundai-bílnum þínum. Samningarnir tveir eru lagalega aðskildir samningar sem hafa í meginatriðum ekki áhrif hvor á annan.
 - 2.1.3. Þjónustan er tengd við bílinn þinn og því er ekki hægt að tengjast henni eða flytja hana yfir í annan bíl.
 - 2.1.4. Þú getur gert þjónustuna óvirka og virka aftur hvenær sem er í gegnum Valmynd upplýsinga- og afþreyingarkerfis.
 - 2.1.5. Þú getur aðeins notað fjartengda þjónustu forritsins ef forritið fær upplýsingar í rauntíma frá bílnum. Þetta er aðeins hægt ef bíllinn hefur verið gangsettur á síðustu sjö dögum (eða fjórum dögum, allt eftir uppsettri hugbúnaðarútgáfu í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu).
 - 2.1.6. Ekki er víst að öll þjónusta standi þínum bíl til boða – þetta getur farið eftir tegund bílsins ásamt hugbúnaðarútgáfu forritsins og upplýsinga- og afþreyingarkerfinu.
 - 2.1.7. Þú þarft ekki að greiða fyrir notkun þína á þjónustunni á samningstímanum (upplýsingar um hvenær samningi okkar á grundvelli þessara skilmála lýkur er að finna í hluta 10 hér á eftir).

2.2. Bluelink-forrit

2.2.1. Til að nota þjónustuna þarftu að gera eftirfarandi:

- a) Virkja Bluelink í bílnum þínum;
- b) Sækja forritið „**Hyundai Bluelink Europe**“ í Google Play Store eða Apple App Store;
- c) Skráðu þig inn með Hyundai-reikningi þínum.
- d) Veittu Bluelink aðgang að persónuupplýsingum þínum í Hyundai-reikningnum (símanúmer, notandalýsing, netfang);
- e) Slá inn símanúmer þitt og staðfesta númerið þitt með sex tölustafa staðfestingarkóða sem sendur er í símann þinn í SMS;
- f) Búa til fjögurra tölustafa PIN-númer fyrir Bluelink-þjónustu þína;
- g) Bæta við Hyundai-bíl;
- h) Samþykkja notkunarskilmála Bluelink;
- i) Lesa „Persónuverndaryfirlýsing – Bluelink“ og
- J) Slá inn verksmiðjunúmerið (VIN) og staðfesta það með því að slá inn staðfestingarkóða sem við sendum í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins.

2.2.2. Ef þú ert ekki með Hyundai-reikning skaltu stofna nýjan reikning með því að gera eftirfarandi:

- a) Opnaðu Bluelink-forritið og smelltu á „Stofna reikning“.
- b) Sláðu inn netfang þitt, fornafn, eftirnafn, búsetuland og æskilegt lykilorð.
- c) Samþykktu notkunarskilmálana sem eiga við um Hyundai-reikninginn.
- d) Smelltu á „Skrá“.
- e) Staðfestu netfangið þitt með því að slá inn 4-stafa staðfestingarkóðann sem sendur er á netfangið þitt.

2.2.3. Ef þú gleymir netfangi þínu eða aðgangsorði fyrir innskráningu á Hyundai-reikninginn þinn geturðu smellt á tengilinn „*Forget password?*“ (gleymdirðu netfangi eða aðgangsorði) í Bluelink-forritinu.

3. **Listi yfir þjónustu Bluelink: Forrit**

3.1. Fjartengd þjónusta

3.1.1. **Vöktunartilkynningar**

Þegar þær hafa verið virkjaðar munu Bluelink-vöktunartilkynningar veita þér eftirfarandi upplýsingar:

- Þjófavörn
- Hurð opin
- Gluggi opin
- Viðvörðun um afhleðslu háspennurafhlöðu
- Viðvörðun um lausagang vélar

- Viðvörðun fyrir aftursæti

3.1.2. **Fjarstýrð læsing/opnun**

Gleymdirðu að læsa bílnum þínum? Engar áhyggjur: Bluelink lætur þig vita með því að senda vöktunartilkynningu í snjallsímann þinn. Þegar þú hefur slegið inn PIN-númerið þitt geturðu síðan læst eða opnað bílinn með hnappi í Bluelink-forritinu, hvar sem er í heiminum.

3.1.3. **Fjarhleðsla (tekur einungis til raf- og tvinnbifreiða)**

Fjarstýrð hleðsla gerir þér kleift að ræsa eða stöðva hleðslu með fjarstýringu. Til að nota fjarstýrða hleðslu skaltu virkja „Sjálfvirk hleðsla“ inni í Hyundai rafmagns- eða PHEV-tengiltvinnbílnum. Hleðslulotu má stöðva í Bluelink-forritinu. Lotuna þarf að stöðva í stöðinni þegar notast er við hleðslustöðvar.

3.1.4. **Áætluð hleðsla (tekur einungis til raf- og tvinnbifreiða)**

Þessi þægindi gera þér kleift að setja upp hleðsluáætlun sem er sérsniðin að þínum þörfum. Auk þess getur þú stillt markhitastig fyrir upphaf næstu bílferðar.

3.1.5. **Fjarstýrð hita- og loftstýring (aðeins rafbílar)**

Þessi eiginleiki, sem á aðeins við um rafbíla, gerir þér kleift að fjarstýra bílnum hvenær sem er. Stilltu einfaldlega markhitastig og ræstu fjarstýrða hita- og loftstýringu. Þér til hægðarauka getur þú einnig virkjað afturrúðuna, stýrið og hita í sætum.

3.1.6. **Fjarstýrð opnun/lokun hleðsluhurðar (aðeins sumir rafbílar)**

Þessi eiginleiki gerir þér kleift að opna og loka hleðsluhurð ökutækis þíns með fjarstýringu.

3.1.7. **Fjarstýring hættuljósa / hliðarljósa (ekki öll ökutæki)**

Þegar skilið er við ökutækið með kveikt á hættuljósum og/eða hliðarljósum lætur Bluelink-forritið þig vita með tilkynningu. Þú getur slökkt á ljósum í forritinu.

3.1.8. **Finna bílinn minn**

Gleymdirðu hvar þú lagðir bílnum? Þú opnar einfaldlega Bluelink-forritið og leyfir kortinu að vísa þér veginn.

3.1.9. **Senda í bíl**

Bluelink-forritið gerir þér kleift að leita að áfangastöðum úr sófanum þínum. Bluelink samstillir síðan við leiðsögukerfið þitt og hleður leiðinni þannig að hún er tilbúin þegar þú leggur í hann. Þú sest bara inn og ýtir á hnapp.

3.1.10. **Kennileiti í bílnum**

Kennileiti í bílnum samstillir vistuð kennileiti eins og „Heimili“ eða „Vinna“ milli upplýsinga- og afþreyingarkerfisins og Bluelink-forritsins.

3.1.11. Leiðsögn á leiðarenda

Þú gætir þurft að leggja bílnum þínum einhvers staðar áður en þú kemst á áfangastað. Ef þú ert innan við 200 m til 3 km frá áfangastaðnum getur þú fært leiðsögnina úr bílnum yfir í Bluelink-forritið. Með auknum raunveruleika eða Google kortum mun snjallsíminn þinn leiðbeina þér þangað sem þú vilt fara.

3.1.12. Fyrstu mílu leiðsögn

Fyrstu mílu leiðsögn leiðir þig að ökutækinu með auknum veruleika eða Google-kortum. Sendu áfangastaðinn í ökutækið með því að nota Bluelink-forritið. Ef þú ert meira en 200 m frá ökutækinu en í innan við 2 km fjarlægð mun snjallsíminn leiðbeina þér að staðsetningu þess.

3.1.13. Bílastæðapjónustustilling

Bílastæðapjónustustillingin verndar persónuupplýsingarnar þínar í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu þegar þú lætur einhvern annan fá bíllyklana. Þegar þjónustan er virkjuð í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu getur ökumaðurinn aðeins séð bílastæðapjónustustillingarskjáinn. Bakkmyndavél og e-Call (neyðarsímtal) munu enn virka.

Bílastæðapjónustustillingin veitir einnig eftirfarandi upplýsingar í Bluelink-forritinu þínu:

- Upphaf og lok aksturs
- Akstursvegalengd
- Aksturstími
- Hámarkshraði

Þú getur slökkt á bílastæðapjónustustillingunni með því að nota aðgangsróðið þitt í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu eða Bluelink-forritinu.

3.2. Upplýsingar um bíl í gegnum Bluelink

3.2.1. Skýrsla um bíl

Í skýrslunni eru upplýsingar um notkun Hyundai-bílsins. Þú getur einnig athugað stöðu mikilvægustu stjórnþólveininganna eins og loftpúða, hemla, þrýsting í hjólbörðum o.s.frv.

3.2.2. Stöðuuppfærsla

Stöðuuppfærslan upplýsir þig um ástand bílsins. Allt eftir því hvernig bíl þú keyrir getur þú fengið upplýsingar um:

- Fjarlægð þar til eldsneyti klárast
- Eldsneytisstöðu
- Hvort kveikt eða slökkt er á vélinni
- Læsingu hurða
- Staða hitastýringar
- Hvort afturhlerinn er opinn eða lokaður

- Hvort vélarhlífín er opin eða lokuð
- Hvort gluggi sé opin eða lokaður
- Hvort sóllúgan sé opin eða lokuð
- Staða loftþrýstings
- Hleðslustaða háspennurafhlöðu (tekur einungis til raf- og tvinnbifreiða)
- Hvort kveikt eða slökkt sé á áætlaðri hleðslu
- Hvort kveikt eða slökkt sé á áætlaðri hitastýringu
- Hvort hleðsluhurð sé opin eða lokuð (aðeins sumir rafbílar)
- Hitunarstaða stýris (aðeins sumir rafbílar)
- Hvort kveikt eða slökkt sé á afþíðingu (aðeins rafbílar)
- Hvort kveikt eða slökkt sé á hitun afturrúðu (aðeins sumir rafbílar)
- Hitun hliðarspegils (aðeins sumir rafbílar)
- Staða ljósa

3.2.3. Ferðirnar mínar

Ferðirnar mínar veitir upplýsingar um daglega eða mánaðarlega notkun bílsins. Þú getur athugað akstur tíma, kílómetrastöðu, meðalhraða og hámarkshraða fyrir hverja ferð. Upplýsingar fyrir Mínar ferðir eru tiltækar í allt að 90 daga.

3.2.4. Orkunotkun (aðeins rafbílar)

Orkunotkun veitir yfirlit yfir orkunotkun bílsins á hverjum degi og mánuði. Þú getur skoðað heildar- og meðalorkunotkun, akstursfjarlægð og upplýsingar um endurheimt orku.

3.3. Samnýting bíls

3.3.1. Deila bílnum

Þú getur deilt þjónustunni með einum eða fleiri notendum í gegnum eiginleikann „Share Car“ (deila bíl) í Bluelink-forritinu. Ef þú notar eiginleikann „Share Car“ muntu deila þjónustunni og gögnunum sem tengjast Hyundai-bílnum þínum sem þú skráðir í Bluelink-forritinu. Til að nota samnýttu þjónustuna þarf hinn notandinn að fylgja skrefunum sem lýst er í hluta 2.2.1 hér að ofan. Þú getur hætt að deila þjónustunni hvenær sem er með því að fjarlægja aðra notendur í stillingunum „Manage to share car“ (stjórna samnýtingu á bíl). Við munum síðan eyða öllum samnýttum gögnum í Bluelink-forriti hins notandans.

3.3.2. **Biðja um að bíl sé deilt**

Þú getur beðið aðra notendur Bluelink um að deila með þér þjónustu og gögnum Hyundai-bíls viðkomandi í Bluelink-forritinu í gegnum eiginleikann „Request to Share Car“ (biðja um að bíl sé deilt).

3.4. **Flutningur notandalýsingar**

Þú getur athugað og breytt stillingum ökutækis í Bluelink-forritinu. Þú getur afritað stillingarupplýsingar og fært yfir í bifreið þína.

3.5. **Þjónustulisti**

Þú getur slökkt á ákveðinni Bluelink-þjónustu í þjónustulistanum. Fjarstýring, staðsetningartengd þjónusta, upplýsingar um ökutæki, viðvörðun og öryggi og umbótaeiginleikar vöru/þjónustu má kveikja/slökkva á hverja fyrir sig.

3.6. **Touch ID og Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android)**

Þú getur notað ákveðnar aðgerðir apps okkar með Touch ID eða Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android) í stað PIN-númers. Þú getur slökkt á notkun Touch ID eða Face ID (iOS) eða fingrafars og andlitsgreiningar (Android) hvenær sem er í appinu.

4. **Listi yfir þjónustu Bluelink: Upplýsinga- og afþreyingarkerfi**

4.1. Hyundai Live

Hyundai Live veitir notandanum aðgang að eftirfarandi aðgerðum í gegnum upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins:

4.1.1. **Umferð í rauntíma**

Bluelink notar umferðarupplýsingar í rauntíma sem benda þér á bestu ferðaleiðina í samræmi við aðstæður hverju sinni. Þetta býður upp á hraðari ferðaleiðir og nákvæmari komutíma.

4.1.2. **Bílastæðaframboð**

Bílastæðaframboð hjálpar þér að finna bílastæði sem sparar þér tíma og vesen. Bílastæðaleitin ber saman bílastæðamöguleika í bílastæðahúsum, á bílastæðum og við götuna. Bílastæðaframboð veitir upplýsingar um laus stæði út frá litum (grænn, gulur, rauður) og verðupplýsingum þar sem við á.

4.1.3. **Eldsneytisstöðvar í rauntíma**

Þessi eiginleiki hjálpar þér að finna næstu og ódýrustu eldsneytisstöðina í nágrenninu. Eldsneytisstöðvar í rauntíma veitir uppfærðar upplýsingar um eldsneytisverð og skiptir kostnaðinum niður eftir litum (grænn, rauður).

4.1.4. **Hleðslustöðvar í rauntíma (aðeins rafmagnsbílar og PHEV-tengiltvinnbílar)**

Hleðslustöðvar í rauntíma hjálpar þér að finna næstu og bestu hleðslustöðina í samræmi við kröfur þínar (t.d. hleðslugerð).

4.1.5. **Veður**

Þessi eiginleiki veitir veðurupplýsingar fyrir næstu fimm daga.

4.1.6. **Þjónusta Hyundai**

Þessi eiginleiki auðveldar þér að finna upplýsingar um og samskiptaupplýsingar fyrir næsta söluaðila eða þjónustustað Hyundai.

4.1.7. **Áhugaverðir staðir í rauntíma og textaleit í rauntíma**

Með Bluelink bjóðum við upp á mjög kraftmikla nettengda leit að áhugaverðum stöðum í rauntíma og heimilisföngum fyrir ýmsa flokka af áhugaverðum stöðum. Sláðu einfaldlega inn texta, t.d. „burger“ (hamborgari), og leiðsögukerfið sýnir þér hamborgarastaði í nágrenninu.

4.1.8. **Upplýsingar um myndavélar/hættusvæði (aðeins ef slíkt er heimilt að lögum í þínu landi)**

Þessi eiginleiki sendir viðvaranir á svæðum þar sem slys eru sérstaklega algeng og varar þig við „hættusvæðum“, hraðamyndavélum og blikkandi umferðarljósum.

4.1.9. **Íþróttir**

Íþróttaeiginleikinn veitir þér úrslit úr nýlegum leikjum. Boðið er þessa stundina upp á fótbolta, körfubolta, hafnabolta, heimsmeistaramótið í frjálsum íþróttum og Ólympíuleikana.

4.2. **Nettengd raddstýring**

Þú getur notað raddskipanir til að fá aðgang að og stjórna upplýsinga- og afþreyingarkerfinu og til að lesa upp og senda textaskilaboð. Nettengda raddstýringin vinnur í skýjaumhverfi Bluelink. Unnið er úr raddsynishornunum og GPS-hnitunum þínum til að bjóða upp á og bæta raddstýringarþjónustuna.

Nettengda raddstýringarþjónustan er sem stendur í boði á eftirfarandi tungumálum: Ensku, frönsku, hollensku, ítölsku, spænsku og þýsku.

Ef nettengda raddstýringin er gerð óvirk eða er ekki í boði getur þú notað raddstýringu án tengingar. Munurinn er sá að stillingin án tengingar styður ekki raddskipanir. Leitarniðurstöðurnar eru fengnar úr innri gagnagrunni sem ekki er víst að sé jafn uppfærður. Í stillingu án tengingar verða raddsynishorn og GPS-hnit ekki unnin til að bæta þjónustuna.

4.3. **Bilanagreining bíls**

Bilanagreining bíls veitir upplýsingar um virka bilanakóða (villuboð frá bílnum) í tilteknum stjórn tölvueiningum bílsins.

4.4. Tengt leiðaval

Tengt leiðaval þýðir að leiðin frá núverandi staðsetningu þinni á áfangastað er reiknuð af kraftmiklum netþjóni í skýjaumhverfi Bluelink, ekki aðeins af upplýsinga- og afþreyingarkerfinu sjálfu. Af hverju er það betra? Vegna þess að það býður upp á nákvæmari umferðaspá, nákvæmari komutíma og áreiðanlegri endurútreikning leiða.

4.5. Notandaprófill Bluelink

Notandaprófill Bluelink gerir þér kleift að vista ýmsar stillingar bílsins í Bluelink-skýinu þínu og nota þær fyrir ólíka bíla. Til að setja upp notandaprófilinn skaltu fylgja leiðbeiningunum í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu þínu og tengja prófilinn við Bluelink-reikninginn þinn. Hægt er að setja upp tvo prófíla fyrir hvern bíl og einn gestaprófil.

Þessi eiginleiki kemur að góðum notum þegar tveir eða fleiri ökumenn nota sama bílinn en hafa ólíkar stillingar fyrir hljóð, tungumál eða kortayfirlit.

Hérna er listi yfir ýmsa hluti sem hægt er að vista fyrir prófíl ökumanns/notanda:

- Notandamynd
- Símatenging
- Bluetooth-stillingar
- Stillingar dagsetningar og tíma
- Almennar stillingar
- Hljóðstillingar
- Skjástillingar
- Stillingar fyrir raddstýringu
- Útvarpsstillingar
- Stillingar bíls
- Leiðsagnarstillingar

Hægt er að flytja allar þessar stillingar um Bluelink yfir í annan bíl. Ef vinur þinn notar bílinn tímabundið getur þú notað gestaprófil.

4.6. Tilkynningamiðstöð

Við getum sent þér upplýsingar um bílinn í gegnum tilkynningamiðstöðina. Við munum aðeins nota þessa þjónustu fyrir mikilvægar upplýsingar. Upplýsingarnar birtast sem sprettigluggi í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu. Þú getur slökkt á móttöku tiltekinna upplýsinga í stillingunum eða þegar sprettigluggi birtist.

4.7. Dagatal

Bluelink gerir þér kleift að samstillja Google- eða Apple-dagatalið þitt við innbyggða dagatalseiginleikann í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu.

4.8. Líkar við eiginleikinn

Þú getur smellt á þumalinn upp eða þumalinn niður hnappinn til að merkja við kjörstillingar þínar á meðan þú spilar tónlist í gegnum USB, Bluetooth eða útvarp. Þeim lögum sem þér líkar við verður bætt við lagalistann þinn (aðeins fyrir USB).

5. Hugverkaréttur

5.1. Efni þjónustunnar er varið með viðeigandi höfundarrétti eða öðrum hugverkaréttindalögum með öllum rétti áskildum. Öll réttindi á þjónustunni, einkum undirliggjandi hugbúnaði, efninu og uppsetningunni eru í eigu Hyundai Motor Group („**Hyundai Motor Group**“ á við um Hyundai Motor Company og hlutdeildarfélag þess).

5.2. Án skriflegs samþykkis okkar máttu ekki:

- a) selja, dreifa, senda út, gefa út eða nýta þjónustuna í viðskiptatilgangi á nokkurn hátt; eða
- b) endurgera (að öllu leyti eða að hluta), senda (rafrænt eða á annan hátt), breyta, birta, endursenda, selja leyfi að, tengja eða á annan hátt nota þjónustuna í opinberum eða viðskiptalegum tilgangi.

5.3. Þessir skilmálar veita ekki leyfi eða rétt til að nota neina mynd, vörumerki, þjónustumerki eða lógó sem eru í eigu Hyundai Motor Group. Hyundai Motor Group áskilur sér allan rétt á eignarréttarvörðum upplýsingum og efni sem tengist þjónustunni.

6. Skyldur notanda

6.1. Þú mátt aðeins nota þjónustuna ef þú fylgir þessum skilmálum.

6.2. Gakktu sérstaklega úr skugga um að þú munir:

- a) fylgja gildandi lögum og reglugerðum og virða réttindi þriðju aðila við notkun þjónustunnar;
- b) ekki nota þjónustuna í ólöglegum tilgangi eða gera þriðju aðilum kleift að nota þjónustuna í ólöglegum tilgangi;
- c) ekki á nokkurn hátt trufla þjónustuna af ásettu ráði;
- d) ekki nota SIM-kortið sem innbyggt er í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins til að hægt sé að veita þjónustuna: (i) fyrir flutning raddgagna (þ.m.t. netsímtöl); (ii) til að fá aðgang að stöðum með opinberu vistfangi (t.d. opnar IP-tölur), þar á meðal í gegnum staðgengilsþjón, gátt eða beini; (iii) á hvern þann máta sem reynir að komast í gegnum öryggisráðstafanir, hvort sem slíkt gegnumbrot veldur skemmdum á gögnum eða

gagnatapi eður ei; (iv) á hvern þann máta sem notar þjónustuna eða hugbúnað í tengslum við internetspjall, deilingu skráa, BitTorrent eða staðgengilsþjón; (v) á máta sem tengist sendingu ruslpósts, sendingu fjöldatölvupósts eða auglýsingaskilaboða eða til að viðhalda opinni SMTP-rás; eða (vi) á hvern þann hátt sem veldur bilunum í netkerfinu; og

e) ekki birta þriðju aðilum niðurstöður afkastaprófana á innbyggða SIM-kortinu, netkerfinu, þjónustunni eða þáttum hennar.

6.3. Þú munt bera ábyrgð á öllum kostnaði sem verður til vegna misnotkunar á þjónustunni vegna brots þíns á áðurnefndum skyldum.

6.4. Ef þú selur bílinn eða gefur þriðja aðila varanleg afnot af honum skaltu gæta þess að aftengja Bluelink á valmyndinni í bílnum. Hafðu í huga að þegar Bluelink er gert óvirkt á valmyndinni í bílnum eru akstursgögnin þín ekki lengur aðgengileg í forritinu og bílinn er aftengdur frá forritinu. Reikningsgögnunum þínum verður hins vegar ekki eytt úr Bluelink-forritinu.

7. Netframboð

7.1. Við veitum þjónustuna í gegnum innbyggt SIM-kort í bílnum. Þar af leiðandi er framboð á þjónustu okkar:

- a) háð svæðisbundnum takmörkunum þegar kemur að móttöku- og sendisviði endurvarpsstöðva símafyrirtækja og getur orðið fyrir áhrifum af loftslagi, landslagi, staðsetningu bílsins og hindrunum á borð við byggingar; og
- b) háð virkni og framboðs farsímakerfis fyrir innbyggða SIM-kortið.

7.2. 4G/LTE-tenging (frá utanaðkomandi símafyrirtæki) verður aðeins í boði fyrir samhæf tæki (t.d. upplýsinga- og afþreyingarkerfi) sem styðja 4G/LTE-tíðni viðkomandi símkerfis. Þar sem 4G/LTE er ekki í boði er boðið upp á 2G- eða 3G-tengingu í samræmi við framboð og samhæfi upplýsinga- og afþreyingarkerfisins við slík símkerfi.

8. Nýtingartími þjónustu

8.1. Við kunnum að slökkva tímabundið eða varanlega á aðgangi að þjónustunni að hluta eða í heild af tæknilegum eða öryggistengdum ástæðum eða öðrum mikilvægum ástæðum.

8.2. Truflanir eða takmarkanir á þjónustunni kunna að verða vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða af öðrum ástæðum sem við getum ekki stjórnað. Þetta gæti t.d. verið ef gagnatengingar símafyrirtækja eru ekki tiltækar eða ef afköst skerðast tímabundið á álagstímum á þjónustunni, símkerfum, bæði þráðlausum og landlínu, og internetinu.

8.3. Við kunnum að rjúfa eða takmarka þjónustuna tímabundið til að framkvæma tæknilegar eða aðrar ráðstafanir (til dæmis viðgerðir, viðhald, hugbúnaðaruppfærslur og viðbætur) á kerfum okkar eða kerfum þjónustuveitna okkar eða notenda okkar, efnisveitna eða símafyrirtækja, til að hægt sé að tryggja viðeigandi eða betri afköst þjónustunnar.

9. Gagnavernd

- 9.1. Upplýsingar um hvernig við söfnum og vinnum persónuupplýsingar í tengslum við afhendingu þjónustunnar er að finna í „Persónuverndaryfirlýsing – Bluelink-forrit“ sem hægt er að nálgast [hér](#) og í Bluelink-forritinu
- 9.2. Upplýstu aðra ökumenn bílsins eða hugsanlega notendur þjónustunnar um að þjónustan sé virk og að upplýsingum (einkum staðsetningar-/GPS-upplýsingum) verði safnað og þær unnar eins og lýst er í „Persónuverndaryfirlýsing – Bluelink-forrit“.

10. Gildistími

- 10.1. Þú getur notað þjónustuna um leið og þú hefur lokið skrefunum sem lýst er í hluta 2.2 hér að ofan.
- 10.2. Samningi okkar á grundvelli þessara skilmála lýkur sjálfkrafa:
- a) þegar þú skilar bílnum til seljandans ef kaupsamningnum (eða leigusamningnum) fyrir bílinn hefur verið rift eða hann afturkallaður;
 - b) þegar þú eða við gerum Bluelink-reikninginn þinn óvirkan í samræmi við skilmála Bluelink-reikningsins; eða
 - c) ræðst af gerð ökutækis
 - i. eftir gildislok við 3 ár eða
 - ii. eftir gildislok við 5 árfrá skráningardegi ökutækis. Frekari upplýsingar má nálgast í valmynd Hyundai Bluelink.
- 10.3. Við kunnum að loka tímabundið fyrir notkun þína á þjónustunni eða rifta samningi okkar með því að loka varanlega fyrir notkun þína á þjónustunni ef þú brýtur efnislega gegn skilmálunum.

11. Breytingar

Við kunnum öðru hvoru að breyta þessum skilmálum eða þjónustunni. Sé um efnislegar breytingar að ræða látum við þig vita af fyrirhuguðum breytingum með eðlilegum fyrirvara. Ef þú tilkynnir okkur ekki um annað skriflega (til dæmis með bréfi, tölvupósti eða faxi) innan tveggja vikna frá tilkynningu okkar lítum við svo á að þú samþykkir breytingarnar (við minnum þig á þetta þegar við látum þig vita af fyrirhuguðum breytingum). Ef þú lætur okkur vita að þú samþykkir ekki breytingarnar kunnum við að rifta samningnum á grundvelli þessara skilmála frá og með deginum sem breytingarnar hefðu átt að taka gildi.

12. Ýmislegt

- 12.1. Þessir skilmálar (auk allra yfirlýsinga um gagnavernd) mynda samninginn milli þín og okkar í tengslum við þjónustuna og endurspeglar samning okkar í heild sinni hvað varðar þjónustuna (en hafðu í huga að eins og minnst er á í hluta 2.2 hér að ofan gilda aðskildir notkunarskilmálar fyrir Bluelink-reikninginn). Allar yfirlýsingar eða tilkynningar sem þú eða við gerum samkvæmt samningi okkar – til dæmis til að breyta skilmálum samnings okkar eða til að rifta samningi okkar – munu aðeins hafa áhrif ef þær eru gerðar skriflega (til dæmis með því að senda bréf, tölvupóst eða fax). Munnlegar yfirlýsingar eða samningar eru ekki fullnægjandi.
- 12.2. Við samþykkjum aðeins aðra skilmála eða viðbótarskilmála ef við höfum með skýrum hætti samþykkt þá skriflega.
- 12.3. Við kunnum að framselja réttindi og skyldur okkar samkvæmt samningnum við þig, að fullu eða að hluta, til þriðja aðila. Við tilkynnum þér um fyrirhugað framsal með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Ef þú samþykkir viðkomandi framsal ekki geturðu sagt upp þessum samningi hvenær sem er (við minnum þig á þetta þegar við tilkynnum þér um fyrirhugað framsal).
- 12.4. Ef einhverjir skilmálar samnings okkar reynast ógildir sammælumst þú og við um að aðrir skilmálar samningsins skulu halda gildi sínu og haldast óbreyttir.

13. Þjónusta við viðskiptavini / kvartanir

- 13.1. Ef þú hefur spurningar eða kvartanir geturðu haft samband við okkur á:

Hyundai BL ehf.
Kauptún 1, 210 Garðabær
Sími: 5751200
Netfang: thjonusta@hyundai.is

- 13.2. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heldur úti vettvangi fyrir annars konar lausn deilumála. Aðgangur að vettvanginum er á <http://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Við tökum ekki þátt í annars konar lausn deilumála fyrir gerðardómi neytendamála samkvæmt lögum um lausn deilumála neytenda (*Verbraucherstreitbeilegungsgesetz*).

14. Bótaábyrgð

Við skulum ekki bera bótaábyrgð vegna nákvæmni og tímanleika gagna og upplýsinga sem send eru gegnum þjónustuna.

Við skulum ekki bera bótaábyrgð vegna afleiðinga truflana á og skertrar virkni þjónustunnar.

- 14.1. Hyundai er ábyrgt gagnvart þér vegna fyrirsjáanlegs taps og tjóns sem Hyundai veldur. Ef Hyundai fer ekki að þessum notkunarskilmálum skal Hyundai bera ábyrgð á tjóni sem þú kannt að verða fyrir og er fyrirsjáanlega afleiðing þess að Hyundai braut gegn þessum samningi,

gerði ekki eðlilegar varúðarráðstafanir eða beitti viðeigandi færni, en við berum aftur á móti ekki ábyrgð á tjóni sem ekki er fyrirsjáanlegt. Tap eða tjón er fyrirsjáanlegt ef það er annaðhvort augljóst að af því mun verða eða ef, á þeim tíma sem samningurinn er gerður, bæði þú og við vitum að það kann að eiga sér stað.

- 14.2. Hyundai gerir enga fyrirvara við eða takmarkar á nokkurn hátt bótaábyrgð sína gagnvart þér þegar slíkt telst ólöglegt athæfi. Þetta nær til bótaábyrgðar vegna dauða eða heilsutjóns sem rekja má til vanrækslu Hyundai, starfsfólks þess, fulltrúa eða undirverktaka; vegna svika eða sviksamlega rangra staðhæfinga; vegna brota á lagalegum rétti þínum í tengslum við þjónustuna, þar með talið réttindum til að fá þjónustuna afhenta af viðeigandi færni og alúð.
- 14.3. Hyundai ber ekki ábyrgð á rekstrartapi. Við bjóðum þjónustuna aðeins til einkanota. Ef þú notar vörunar í viðskiptum, rekstri eða til endursölu mun Hyundai ekki bera bótaábyrgð gagnvart þér vegna hagnaðartaps